

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Félags hársnyrtisveina**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

**Inngangur**

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags hársnyrtisveina.

**2. gr.**

**Almenn launahækkun**

1.6. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

**3. gr.**

**Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.


Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

 1  
SBV

5. gr.

**Afgreiðsla kjarasamninga**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 25. maí.

6. gr.


**Fylgiskjöl**

Í eftirtöldum fylgiskjölum eru bókanir og breytingar á þeim köflum kjarasamningsins sem snerta einstakar starfsgreinar.


- Uppgjör launa og uppbóta
- Námskeið
- Launataxtar 2011 - 2013

Reykjavík, 5. maí 2011

F.h. Félags hársnyrtisveina



F.h. Samtaka atvinnulífsins



## Uppgjör launa og uppbóta

Við grein 12.2.1 bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Um uppgjör desemberuppbótar, orlofsuppbótar, frítökuréttar og orlofslauna við starfslok fer skv. gr. 1.1.4.1, 1.1.4.2, 2.8.2 og 4.1.4.

## Námskeið

Gr. 1.11. um námskeið orðist svo:

1.11.1. Eftir eins árs starf hjá fyrirtæki eiga sveinar rétt á að sækja fagtengd námskeið fræðslustofnana samtaka atvinnurekenda og launamanna. Við það er miðað að árlega geti þeir varið allt að 16 dagvinnustundum til námskeiðssetu án skerðingar á föstum launum þó þannig að a.m.k. helmingur námskeiðsstunda sé í þeirra eigin tíma, utan dagvinnutíma viðkomandi. Heimilt er að geyma þennan rétt milli ára þannig að greiðsluréttur getur orðið allt að 24 dagvinnustundir.

Ef námskeið er haldið í frítíma sveins, sem unnið hefur 18 mánuði eða lengur hjá sama meistara greiðir meistari námskeiðsgjald að fullu.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við þegar sveinar eða nemar taka þátt í hárgreiðslukeppni, sem haldin er á vegum MFH, FHS, World Skills eða Verkið.

1.11.2. Sveinar sem unnið hafa þrjú ár samfellt hjá sama fyrirtæki skulu á tveggja ára fresti eiga rétt á allt að 40 dagvinnustundum til námsskeiðssetu á fagtengdum námskeiðum án skerðingar á föstum launum, þó þannig að a.m.k. helmingur námskeiðsstunda sé í hans eigin tíma. Réttur þessi kemur í stað þess réttar sem getið er í gr. 1.11.1.

1.11.3. Tími til námskeiðssetu skal valinn með hliðsjón af verkefnastöðu viðkomandi fyrirtækja.

## Félag hársnyrtisveina– launaflokkar 2011-2013

### Launaflokkur 1. Iðnaðarmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	247.555	258.555	269.555
Eftir 1 ár	254.366	265.366	276.366
Eftir 3 ár	259.704	270.704	281.704
Eftir 5 ár	265.202	276.202	287.202
Eftir 7 ár	270.771	281.771	292.771

### Iðnaðarmaður með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaraáttindi eða með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Laun	283.000	294.000	305.000

### Launaflokkur 2. Iðnaðarmaður 2.

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	224.000	235.000	246.000
Eftir 1 ár	230.129	241.129	252.129

### Iðnnemar í hársnyrtigreinum

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Fyrstu 12 vikurnar	135.221	146.221	157.221
Næstu 12 vikur	150.730	161.730	172.730
Eftir 24 vikur	169.376	180.376	191.376